



## Samráðsgátt stjórnvalda, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Mál nr. 237/2021

Reykjavík, 17. janúar 2022

### Drög að reglum um verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga fjármála- og efnahagsráðuneytisins (FMR) að reglum um verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda þann 22. desember síðastliðinn. SFF vilja gera nokkrar athugasemdir við drögin þar sem hluti aðildarfélaganna samtakanna eru í meiri hluta eigu hins opinbera en reglurnar gilda m.a. um lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í opinberri eigu.

#### Athugasemdir við 1. gr.

Orðin „spilling“ og „misferli“ koma hvergi fram í reglum FMR en að mati SFF væri æskilegt að reglur sem þessar tækju á spillingu og misferli þar sem vænta má að þau séu í mörgum tilvikum lýsandi fyrir þá stöðu eða atvik sem uppljóstrun sú sem reglurnar fjalla um taka til. Hins vegar orða reglurnar „ámælisverða háttsemi“ sem er skilgreind sem: „Hátterni sem stefnir almannahagsmunum í hættu, t.d. hátterni sem ógnar heilsu eða öryggi fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum“ sem er heldur þröng skilgreining.

Hugtakið „almannahagsmunir“ er matskennt og ekki skilgreint á einsleitum hátt í íslenskum lögum. Almennt hafa almannahagsmunir verið taldir ná til breiðs hóps fólks eða samfélagsins í heild. Til að skýra betur hversu brýnir almannahagsmunir þurfi að vera, svo tilkynningarskylda skv. reglunum sé til staðar, mætti setja viðmið eða skýra betur til hve breiðs hóps fólks hátterni varðar.

Þannig mætti skilgreina ámælisverða háttsemi sem „Hátterni sem stefnir almannahagsmunum í hættu, t.d. hátterni sem ógnar heilsu eða öryggi breiðs hóps fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum“

#### Athugasemdir við 3. gr.

Í 7. mgr. 3. gr. er ákvæði um að „stofnanir og lögaðilar sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera geti, í samráði við starfsmenn, sett nánari reglur innan vinnustaðar um ferli við innri uppljóstrun, s.s. um hvernig meðhöndlun erinda eigi að vera og hver tekur við þeim. Slíkar reglur skulu vera skriflegar og aðgengilegar öllum starfsmönnum og mega á engan hátt takmarka rétt starfsmanns samkvæmt reglum þessum og lögum um vernd uppljóstrara.“

Óljóst er af orðalagi ákvæðisins hvort samráð við starfsmenn um setningu reglna innan vinnustaðar, um ferli við innri uppljóstrun, sé valkvætt eða skyldubundið.



Til að taka af vafa er lagt til að orðalag verið skýrt á eftirfarandi hátt: „stofnanir og lögaðilar sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera geta eftir atvikum, í samráði við starfsmenn, sett nánari reglur [...]“.

#### Athugasemdir við 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. reglnanna segir: „Starfsmanni sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum samkvæmt 3. gr. án þess að það hafi leitt til fullnægjandi viðbragða innan vinnustaðar eða af hálfu opinbers eftirlitsaðila sbr. 3. gr., er heimilt í góðri trú að miðla umræddum upplýsingum eða gögnum til utanaðkomandi aðila, þar á meðal fjölmiðla, svo fremi sem starfsmaðurinn hefur réttmæta ástæðu til að ætla að um háttsemi sé að ræða sem getur varðað fangelsisrefsingu. Við mat á því hvort viðbrögð innan vinnustaðar teljist hafa verið fullnægjandi má m.a. horfa til þess hvort hin ólögmæta eða ámælisverða háttsemi viðgengst áfram þrátt fyrir miðlunina.“

Hér gæti orðalag verið skýrara þrátt fyrir að nefnt sé eitt dæmi um hvað teljist ekki fullnægjandi viðbrögð. Orðalagið býður upp á mikla og matskennda túlkun mikils fjölda einstaklinga, þ.e. starfsmanna á vinnustað, sem gæti leitt til þess að fleiri tilvik séu tilkynnt utanaðkomandi s.s. fjölmiðlum en þörf er á með tilheyrandi orðsporsáhættu fyrir vinnustaði. Mögulega hefur vinnustaðurinn gripið til viðbragða sem metin eru fullnægjandi á vinnustað segjum t.d. skv. regluverði eða innri endurskoðanda þrátt fyrir að starfsmaður sé því mati ósammála. Þegar um félög á markaði er að ræða gætu upplýsingar í einhverjum tilvikum talist innherjaupplýsingar.

Til að skýra ákvæðið frekar og koma í veg fyrir ytri uppljóstrun umfram nauðsyn er lagt til að orðalag ákvæðisins sé skýrt á eftirfarandi hátt: „Starfsmanni sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum samkvæmt 3. gr. án þess að vinnustaður hafi gripið til aðgerða eða athafna til að stuðla að því að látið verði af hinni ólögmætu háttsemi innan vinnustaðar eða af hálfu opinbers eftirlitsaðila samkvæmt 3. gr. [...]“.

Í 2. mgr. 4. gr. reglnanna segir: „Í algjörum undantekningartilvikum, þegar miðlun skv. 3. gr. kemur af gildum ástæðum ekki til greina, er miðlun til utanaðkomandi aðila heimil án þess að innri uppljóstrun hafi átt sér stað. Skilyrði er að miðlunin teljist í þágu svo brýnna almannahagsmuna að hagsmunir vinnuveitanda eða annarra verða að víkja fyrir hagsmunum af því að upplýsingum sé miðlað til utanaðkomandi aðila, svo sem til að vernda:

1. öryggi ríkisins eða hagsmuni ríkisins á sviði varnarmála,
2. efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins,
3. heilsu manna,
4. umhverfið.“

Ákvæði 2. mgr. er mjög matskennt og felur í sér umfangsmikið hagsmunamat á óápreifanlegum hugtökum þ.e. brýnum almannahagsmunum og hagsmunum vinnuveitanda. Hagsmunir vinnuveitanda geta verið ólíks eðlis hverju sinni og betur færi á því að skýra ákvæðið betur t.d. með fleiri og skýrari dæmum eða viðmiðum um brýna almannahagsmuni.

Til dæmis væri hægt að nefna það viðmið að atvik sem uppljóstrun samkvæmt ákvæðinu „þurfi að vera nauðsynleg þar sem hin ámælisverða háttsemi ógni heilsu eða öryggi breiðs hóps einstaklinga eða samfélagsins“ en tillagan er í samræmi við 1. gr. reglnanna sem og túlkun Persónuverndar<sup>1</sup> og athugasemdir í frumvarpi til laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, á hugtakinu „brýnir almannahagsmunir“.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



---

Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur

---

<sup>1</sup> <https://www.personuvernd.is/urlausnir/nr/163>